

Leiðin að skapandi samvinnu

Það er mikilvægt að viska og hæfni kvenna sé metin að verðleikum í þróun félagasamtaka og í samfélaginu almennt. Samtök þar sem konur leggja sitt af mörkum sem fullkomlega virkir þátttakendur eru opin og öflug vegna fjölbreyttra skoðana kvenna og einstakrar nálgunar þeirra á málefnum.

Að meta margbreytileika mannlífsins tryggir bæði vernd á rétti einstaklinga og leysir úr læðingi sköpunarkraft með því að leiða saman vitsmuni og sýn fólks úr öllum áttum. Það gerir samfélaginu kleift að taka samstillt skref frammávið og því er mikilvægt að kraftar kvenna njóti sín.

Konur búa yfir einstökum hæfileikum til þess að nálgast flókin verkefni á þolinmóðan, einbeittan og sveigjanlegan hátt. Hagfræðingurinn og baráttukonan Dr. Hazel Henderson hefur þessa eiginleika og hefur nýtt þá við vernd hins náttúrulega umhverfis.

Hazel var að eigin sögn „venjuleg húsmóðir“ þegar að því er virtist hversdagslegur atburður breytti lífi hennar. Það var á sjöunda áratug síðustu aldar og hún bjó í New York. Dag einn kom dóttir hennar heim með sótlag á húðinni sem náðist engan veginn af, sama hversu mikið hún var skrúbbuð. Hazel varð þá ljóst að andrúmsloft borgarinnar var hræðilega mengað.

Knúin áfram af þeirri einföldu þrá að barnið hennar gæti andað að sér hreinu lofti, tók Hazel að ræða málin við konur í hverfinu með því að brydda upp á einfaldri spurningu, „finnst þér ekki loftið vera mengað?“ Framtak hennar og samræður við einn einstakling í einu varð uppspretta vináttu, trausts og aukinnar samstöðu.

Hún hófst handa og skrifaði bréf til borgarstjóra og borgarfulltrúa og fékk svar frá borgarstjóranum um að það sem hún álti vera mengun væri aðeins ‘mistur sem teygði sig inn frá hafinu.’ Án þess að láta bugast hélt hún áfram rannsóknum sínum þar til hún komst að því að borgin lét í raun og veru mæla daglega svifryk í loftinu. Hún fór á sjónvarpsstöðvar og í aðra fjölmiðla ásamt þrýstihópum og tókst að lokum að fá því framgegnst að fjallað yrði um mengunarstig loftsins í daglegum veðurfregnum.

Hazel dró einnig í efa líkön um hagfræðilegan vöxt sem réttlæta eyðileggingu á náttúrulegu umhverfi. Hún átti frumkvæðið að því að þessi líkön yrðu endurskoðuð og þeim breytt. En stjórnámálemenn og svokallaðir sérfræðingar neituðu að taka mark á henni. Fyrir að beita stórfyrirtæki og stjórnvöld endurtekið þrýstingi vegna ýmissa skyldra málaflokka var hún gagnrýnd opinberlega fyrir að vera „ein af hættulegustu konum í Bandaríkjunum.“ Bréf sem gagnrýndu framgang hennar voru send til vinnuveitanda eiginmanns hennar. Hún varð fyrir niðurlægjandi aðdróttunum: Hvað vissi húsmóðir, sem hafði ekki einu sinni útskrifast úr framhaldsskóla, um hagfræði?

Sú gagnrýni hvatti hana til að leggja enn frekar á sig til að mennta sig í hagfræði- og vistfræðikenningum þar til hún gat sjálf átt frumkvæðið að kappræðum við heimsþekktu kenningum og sagt skýrt og skorinort það sem segja þurfti. Hugrekki hennar og sannfæring voru gífurlega mikilvæg til að gera öðrum konum kleift að finna sér vettvang.

Samtökin “Borgarar berjast fyrir hreinu lofti”, sem hún stofnaði með nágrönnum sínum, voru brautryðjendasamtök í umhverfishreyfingunni. Þau leiddu til þess að mikilvæg lög voru sett og hugarfar fólks og starfshættir fyrirtækja og stjórnvalda tóku miklum breytingum.

Hazel einbeitir sér að bláköldum veruleikanum, heilsu fólks, öryggi og hamingju, frekar en að innantómum hugmyndum. Hún heldur alltaf sínu striki og fylgir málefnum sínum eftir allt til enda.

Vegna heildrænnar nálgunar hennar, sem á sér rætur í raunveruleika daglegs lífs og þránni til að vernda og næra lífið, hefur boðskapur Hazel átt breiðan hljómgrunn meðal almennings sem lætur sér annþ um framtíðina. Þessi hæga umbreyting í anda hennar er í algjörrri andstæðu við ofbeldisfullar byltingar sem karlar hafa svo oft nýtt til að koma á breytingum.

Viska og kraftur kvenna og ábyrg nálgun þeirra á raunveruleikanum, hugulsemi og umhyggja fyrir fólki í nánasta umhverfi og geta til að bera fullkomna virðingu fyrir lífinu sjálfu, þarf að endurspeglast í öllu samfélaginu. Aðeins þá munum við sjá öruggar framfarir í að leysa alvarleg heimsvandamál og koma á raunverulegum friði. Til þess er bráðnauðsynlegt að hugarfarsbreyting verði hjá körlum.

Þetta minnir mig á eftirfarandi orð Eleanor Roosevelt, sem lék lykilhlutverk við gerð Mannréttindasáttmálans. Hún fullyrti árið 1930: „Ef tíu milljónir kvenna vilja raunverulegt öryggi, virka þátttöku, heiðarleika, réttláta og vitra löggjöf, hamingju og þægileg lífsskilyrði og framtíð án stríðshörnunga, þá verða þessar 10 milljónir kvenna að rísa upp.“

Dr. Henderson tjáði mér von sína um að 21. öldin yrði tími samvinnu milli karla og kvenna. Ég er henni fyllilega sammála. Konur og karlar ættu að vinna saman af gagnkvæmri virðingu og opna nýja leið fyrir komandi kynslóðir. Saman getum við skapað framtíð þar sem hver einstaklingur er metinn og virtur sem manneskja og sem einstök og ómetanleg birtingarmynd á lífinu. Þetta verða tímar þegar við öll munum njóta fjölbreyttrar flóru mannlífsins.